

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



Reykjavík 18. apríl 2016
UST201603-162/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi íbúðarsvæðis á Húsavík, reitur Í5.

Vísað er til erindis skipulag- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íbúðarsvæðis á reit Í5 á Húsavík, Norðurþingi.


Skipulagssvæðið


Ofangreint deiliskipulagssvæði er staðsett austan við miðsvæði bæjarins og við rætur Húsavíkurfjalls. Í umfjöllun um áætlað framkvæmdasvæði kemur fram að svæðið sé að stórum hluta mýrlent, einnig kemur fram í umfjöllun um umhverfismál að svæðinu hefur verið raskað með nýtingu s.s. beit og skurðum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að taka tillit til mýrlendis ef þess er nokkur kostur þar sem votlendi er vistkerfi er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um opin garð eða leiksvæði með tjörn eins og sýnt er á upprætti og telur mikilvægt að tjörnin verði sem náttúrulegust s.s. vegna fuglalífs.

Byggðin

Áætlað er að byggðar verði 180 – 220 nýjar íbúðir á svæðinu. Þar sem reitur Í5 er við endann á Ásgarðsvegi þar sem er mikið af eldri húsum er mikilvægt að ný byggð verði aðlöguð að eldri byggð vegna sjónrænna áhrifa.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur